

Umsögn menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs við drög að nýrri ferðamálastefnu fyrir Reykjavíkurborg

Reykjavík 29. október 2019

Með erindi frá sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dagsettu 15. október, var því komið á framfæri að stýrihópur um nýja ferðamálastefnu Reykjavíkur óskaði umsagnar menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur um stefnuna. Drög stefnunnar voru kynnt af hálfu sviðsstjóra á fundi ráðsins 21. október en formaður ráðsins, Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi, situr einnig í stýrihópnum. Í kjölfarið var Pawel Bartoszek borgarfulltrúa falið, að gera umsögn, að fenginni tillögu ráðsmanna.

UMSÖGN:

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð (MÍT) beinir því til stýrihóps um nýja ferðamálastefnu að athuga hvort ekki sé einnig tilefni til að ávarpa með einhverjum hætti hlutverk íþróttá, sér í lagi almenningsíþróttá, þegar fjallað er um sérstöðu borgarinnar og hvernig eigi að koma henni á framfæri. Þekkt er að sundstaðir eru þegar mikilvægur partur af ímynd Reykjavíkur gagnvart ferðamönnum.

MÍT beinir því sömuleiðis til stýrihópsins að undir meginmarkmiðinu um sjálfbæra ferðaþjónustu komi fram að borgin hvetji til virkra og umhverfisvænna samgöngumáta erlendra ferðamanna.

MÍT beinir því jafnframt til stýrihópsins að í umfjöllun um snjalla borg sé líka lögð áhersla á góða, hagkvæma og eftirminnilega hönnun sem er í samræmi við ímynd Reykjavíkur. Góð hönnun þurfi ekki alltaf að vera „snjöll“ eða „stafræn.“

Skýra þarf eða taka út atriði um sjálfsprottna jaðarveggjalist svo enginn vafi leiki á því að borgin standi með íbúum þegar kemur að því að ákveða hvernig nærumhverfi þeirra eigi að líta út.

MÍT veltir því fyrir sér hvort umræða um fjárfestingar eigi heima í sérstakri ferðamálastefnu.

Að lokum beinir MÍT því til stýrihópsins að áhersla verði lögð á það í stefnunni að borgin vinni með heiðarleika, vinsemd og gestrisni íbúa gagnvart erlendum gestum og bendir á að hægt sé að mæla slíka upplifun í viðhorfskönnunum.

MÍT leggur til að stefnan verði samþykkt að teknu tilliti til þessara athugasemda.

Fyrir hönd MÍT

Pawel Partoszek.